

8. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 30. september 2015 kl. 20:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt voru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Ingólfur Benediktsson Árnesi 2, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnesi 2, Elísa Ösp Valgeirsdóttir Árnesi 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

### Dagskrá

1. Sýnataka úr vatni – hvar á að taka sýni og hvenær.
  2. Fjórðungsþing Vestfjarða 2.-3. október.
  3. Tilboð í framkvæmdir í Norðurfjarðarhöfn og önnur mál hafnarinnar.
  4. Umsögn vegna rekstrarleyfis fyrir Gunnstein Gíslason v. Bergistanga
  5. Íbúðarmál hreppsins
  6. Umsókn um aukafjárveitingu vegna vegaskemmda í hreppnum.
  7. Fundargerð FV lögð fram til kynningar
  8. Fundargerð frá fundi stjórnar sambands íslenskra sveitafélaga lögð fram til kynningar.
  9. Umræða varðandi barnaverndarstörf.
  10. SveitarStjórnarstigið á 21. Öldinni ráðstefna 26. Október
  11. Boðsbréf á umhverfisþing.
  12. Fundargerð aðalfundar félagsþjónustu Reykhóla og Stranda lögð fram til kynningar.
  13. Staðsetning frístundahúss á Eyri
1. Taka þarf ný sýni úr vatninu á nokkrum stöðum í hreppnum og senda til Matvælastofnunnar. Ákveðið að taka ný sýni úr Finnbogastaðaskóla, Félagsheimilinu og Kaupfélagshúsi. Elísa mun taka sýnið úr skólanum, Ingólfur úr Félagsheimilinu og einhver fenginn til að taka sýni úr Kaupfélagshúsi. Sýnunum verður svo safnað saman og send með flugi.
  2. Fjórðungsþing Vestfjarða verður haldið 2.-3. október á Patreksfirði . Enginn fulltrúi kemst á þingið að þessu sinni frá Árneshreppi.
  3. Tilboð í framkvæmdir í Norðurfjarðarhöfn voru opnuð 22. september 2015. Hafnar hafa verið samningaviðræður við Tigur ehf sem voru með lægsta tilboðið. Hafa verður samband við Vegagerðina vegna framkvæmdanna þar sem farið er inn á land í eigu Steinstúnsjarðarinnar. Gunnsteinn Gíslason hefur sagt starfi sínu lausu sem vigtar og löndunarmaður frá næstu áramótum. Þrír lyftarar, ísvél og ljósavél eru í eigu Gunnsteins. Guðlaugur ætlar að taka að sér að kanna hvort hægt verði að semja við einhvern af þeim fiskmörkuðum sem viðskipti hafa verið við um samstarf. Hann er einnig til í að hlaupa skarðið við að vigta og landa til að byrja með en frá maí n.k. þarf að vera búið að ráða annan aðila í starfið
  4. Umsögn vegna rekstrarleyfis fyrir Gunnstein Gíslason vegna Bergistanga og kjötfrystihúss rædd og hreppsnefnd telur ekkert því til fyrirstöðu að rekstrarleyfi hans verði endurnýjað.
  5. Íbúðarmál hreppsins rædd og skoðuð ásamt tillögum frá Arinbirni. Ákveðið var að ræða við heimamenn um að vinna að breytingum á íbúðum um leið og tækifæri gefst. Óskað verður eftir tilboðum frá fleiri aðilum varðandi kaup á heimilistækjum. Tilboð hafa þegar borist frá Heimilistækjum.

6. Umsókn um aukafjárveitingu vegna vegaskemmda í hreppnum lögð fram til kynningar. Sótt var um aukafjárveitingu upp á 1.000.000 kr vegna þessa máls.

107.

7. Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga lögð fram til kynningar.
8. Fundargerð frá fundi stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga lögð fram til kynningar.
9. Umræða vegna barnaverndarmála.
10. Ráðstefna 26. október um sveitastjórnarstigið á 21. öldinni rædd. Eva Sigurbjörnsdóttir oddviti mun jafnvel fara á það.
11. Boðsbréf á umhverfisping lagt fram til kynningar.
12. Fundargerð aðalfundar félagsþjónustu Reykhóla og Stranda lögð fram til kynningar.
13. Staðsetning frístundahúss á Eyri lagt fram til kynningar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:30